

bænda
FERÐIR

LAGO MAGGIORE & CHAMONIX



9. – 16. júní 2023

Fararstjórn: Unnur Jensdóttir

Sumar 7

Ítalía | Frakkland | Sviss

Ferðalýsing

Það er ævintýri líkast að ferðast um **Alpafjöll** Ítalíu, Frakklands og Sviss og ekki er síðra að dvelja við annað stærsta vatn Ítalíu, **Lago Maggiore**, sem er umvafið fjallafegurð. Við kynnumst sögu og litskrúðugu menningarlífi þessara landa sem hrífa með sér hvern þann sem þangað kemur. Við hefjum ferðina í ljúfa bænum **Stresa** sem stendur við vatnið Lago Maggiore. Þaðan siglum við til **Isola Bella**, hjarta **Borromee eyjanna**, þar sem við sjáum glæsilega höll og fagran lystigarð en einnig siglum við til eyjarinnar Isola dei Pescatori. Heimborgin **Mílanó** ætlar að taka á móti okkur með öllum sínum töfrum og glæstu byggingum. Við förum í skemmtilega siglingu á **Comovatni** frá **Lecco** til bæjarins **Bellagio** sem er sannkölluð perla við vatnið. Þessa glæsilegu ferð toppum við með því að gista í bænum **Chamonix** sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, **Mont Blanc**. Frá miðbæ Chamonix gengur kláfur upp í 3.842 m hæð á **Aiguille du Midi** og þaðan er stórkostlegt útsýni yfir á Mont Blanc og Alpafjöllin. Á leiðinni þangað ætlum við í smá ævintýraferð frá bænum **Täsch** og í stutta lestarferð inn í hinn þekkta fjallabæ **Zermatt** sem liggur við rætur fjallsins **Matterhorn**.

8 dagar | 7 nætur

5 nætur Stresa | 2 nætur Chamonix



9. júní | Flug til Genf & Stresa við Lago Maggiore vatn

Brottför frá Keflavík kl. 07:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Genf kl. 13:00 að staðartíma. Þaðan verður ekið til bæjarins Stresa við vatnið Lago Maggiore sem er umvafið fjallafegurð. Þetta er annað stærsta vatn Ítalíu en tæpur fimmtungur vatnsins tilheyrir Sviss. Frá 18. öld hefur feegurð og lega vatnsins dregið til sín baðgesti og ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum. Þar verður gist í fimm nætur á hóteli í miðbæ Stresa sem býður upp á góða aðstöðu, m.a. inni- og útisundlaug og fallegan garð með sólbekkjum, stólum og borðum. Við hótelið er einnig heilsulind með sánu og tyrknesku baði.

10. júní | Rólegheit í bænum Stresa & stutt rölt með fararstjóra

Eftir góðan morgunverð og rólegheit röltum við saman inn í Stresa og fararstjórinn sýnir okkur hvernig bærinn liggur og segir örlítið frá lífi bæjarbúa. Eftir það gefst frjáls tími til að kanna lífið við vatnið á eigin vegum, t.d. fara í skemmtilega gönguferð meðfram vatninu þar sem fegurð fjallanna er engri lík eða líta inn á kaupmenn bæjarins sem eru litríkir og spennandi. Einnig er hægt að nota glæsilega aðstöðu hótelsins og koma sér vel fyrir í fallega garðinum sem tilheyrir hótelinu.



11. júní | Lecco, sigling á Comovatni & Bellagio

Á dagskrá okkar í dag er töfrandi og skemmtilegur dagur. Nú verður ekin fögur leið til Lecco við Comovatn sem er rómað fyrir fegurð og er sama hvert litið er, fallegt landslag umlykur okkur, líkt og mynd á póstkorti. Farið verður í siglingu frá Lecco til Bellagio sem er á fagurgrænum tanga og ekki að ástæðulausu að bærinn er kallaður perla Comovatns. Litríkur og skemmtilegur bær með sínum hlykkjóttu, mjóu götum og það er dásamlegt að njóta lífsins í svona fallegum bæ í kringum skemmtilegar, litlar verslanir og veitinga- og kaffihús.

12. júní | Heimsborgin Mílanó

Heimsborgin Mílanó ætlar að taka á móti okkur í dag með öllum sínum töfrum. Margt er hægt að skoða í þessari glæsilegu borg m.a. dómkirkjuna sem er eitt af meistaraverkum gotneskrar byggingarlistar en einnig er hægt að fara upp á þak kirkjunnar. Einnig má nefna Scala óperuna og listasafnið Brera, svo minnst sé á eitt af söfnum borgarinnar en þau eru fjölmörg. Það er alltaf gaman að skoða elsta yfirbyggða verslunarhúsið, Galleria Vittorio Emanuele II, sem var byggt á 18. öld en þar uppi er fjöldinn allur af veitingahúsum. Ekki má gleyma að Mílanó er ein af aðal tískuborgum heims og kaupmenn láta sig ekki vanta hér. Eftir gönguna með fararstjóra verður frjáls tími til að kanna borgina á eigin vegum, sýna sig og sjá aðra.



13. júní | Sigling til Isola Bella & Isola dei Pescatori



Dagurinn byrjar á siglingu yfir til Isola Bella sem er ein Borromee eyjanna. Fegurð hennar er ólýsanleg en hún ber nafn Isabellu eiginkonu Carlo III. Borromeo ættin byggði höll á eyjunni sem er þekkt fyrir að hafa verið gististaður Napóleons og eiginkonu hans, Jósefínu. Það er mjög skemmtilegt að skoða höllina, svo ekki sé talað um garðinn umhverfis hana, stórglæsilegur lystigarður á

nokkrum hæðum. Eftir það verður siglt til eyjunnar Pescatori sem tilheyrir Borromee eyjunum en búseta hefur verið stöðug þar frá 14. öld. Mannlífið á eyjunni heillar en tilvera eyjarskeggja byggist á fiskveiðum í Lago Maggiore vatni. Þar er upplagt að fá sér hádegishressingu áður en siglt verður til baka.

14. júní | Fjallabærinn Zermatt, Matterhorn & Chamonix

Nú er komið að því að kveðja Stresa og verður stefnan tekin á Chamonix sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, Mont Blanc. Á leið okkar þangað upplifum við enn eitt ævintýrið þegar við komum til Täsch og förum þaðan í stutta lestarferð til bæjarins Zermatt. Leið lestarinnar liggur á milli þriggja hæstu fjalla Evrópu, Dom, Matterhorn og Monte Rosa. Útsýnið frá Zermatt yfir á Matterhorn fjallið er hreint stórfenglegt. Í bænum er engin bílaumferð og gömlum húsum hefur verið haldið mjög vel við en fjósin hafa vikið fyrir Rolex



og Gucci verslunum. Við komum til með að eiga góðan tíma í þessum yndislega bæ. Síðan verður ekið til til Chamonix en hér ætlum við að gista í tvær nætur.

15. júní | Aiguille du Midi, Mont Blanc & Chamonix

Einn hápunktur ferðarinnar verður í dag í Chamonix, sem er bær fjalladýrkenda og þekktur skíðabær en fyrstu vetrarólympíuleikarnir voru haldnir hér árið 1924. Frá miðbænum gengur útsýniskláfur upp í 3.842 m hæð á Aiguille du Midi en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir á Mont Blanc, Chamonix og dalina fyrir neðan. Hér



er gott að vera vel klæddur. Við byrjum á því að taka kláfinn upp og njóta þess að sjá yfir töfraheim Alpafjallanna. Frá aðalbyggingunni gengur lyfta á flesta útsýnispallana en einnig eru þarna veitingastaðir með afar fögru útsýni. Eftir þessa dásemd verður hægt að njóta Chamonix bæjarins fram að kvöldverði á hótelinu okkar.

16. júní | Heimferð frá Genf

Þá er þessi glæsilega ferð á enda runnin og nú verður ekið til Genf. Brottför frá Genf er kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 15:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

319.900 kr. á mann í tvíbýli | 62.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, vínsmökkun og kláfar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.



Valfrjálst

- ✓ Sigling út í Borromee eyjarnar og aðgangseyrir í garðinn og höllina u.þ.b. € 25.
- ✓ Sigling á Comovatni til Bellagio u.þ.b. € 24.
- ✓ Kláfur upp á Aiguille du Midi u.þ.b. € 66.
- ✓ Lestin frá Täsch til Zermatt u.þ.b. CHF 12.